

Fundargestir: Gunnar, Sigrún Eva, Birgitta, Íris og Trostan sem ritaði fundargerð

Dagskrá: 5 ára deild í Varmahlíðarskóla

Rætt var um þessa lausn og var fólk sammála um að líklega sé besta lausnin til þess að vinna á biðlistanum að stofnuð verði 5 ára deild við Varmahlíðarskóla. Þó skipti miklu máli að vel verði að verkinu staðið og hugað að því að leita í reynslu annarra. Ráðið vill þó leggja áherslu á fyrir sitt leyti að þrennt skiptir mestu máli:

- 1) Öryggi barna. Talið er nauðsynlegt að girða leiksvæði nemanda af svo að ekki sé óþarfa hættu vegna umferðar barna um bílastæði.
- 2) Að huga að því hvar foreldrar leggja þegar þeir koma með börn og skila þeim.
- 3) Leiksvæði nemenda þarf að bæta og hefur það legið fyrir um tíma. Leiktæki eru af skornum skammti og vantar tilfinnanlega eitthvað fyrir yngri hópa. Haldin hefur verið söfnun, að frumkvæði nemenda og hefur nokkuð safnast.

Rétt er að minna á lagalega skyldu rekstraraðila skólans, en í 6.grein grunnskólalaga, tölulíð e, segir svo:

að sjá til þess að jafnan sé fyrir hendi viðeigandi húsnæði fyrir kennslu og annar aðbúnaður, þ.m.t. útivistar- og leiksvæði nemenda.